

### Um hvað er fréttin?

Eftir mánuð gengur íslenska þjóðin að kjörborðinu og kýs fulltrúa á hið ævafora Alþingi. Ég hef alltaf verið forvitin um það hvernig hlutir ganga fyrir sig og því ákvað ég að gera frétt um undirbúning kosninganna hjá þeim lögaðilum sem sjá um framkvæmd þeirra. Fréttin mun fjalla um þá vinnu sem unnin er til að kosningarnar sjálfar gangi fyrir sig á hnökralausan hátt og í samræmi við lög og reglugerðir um þennan mikilvæga þátt lýðræðisins. Upplýsingarnar sem ég vil fá eru meðal annars hverjir sjá um þessa framkvæmd, í hverju felst vinnan og að hverju þarf að huga.

### Hver er viðmælandinn?

Ég leitaði upplýsinga í Ráðhúsi Reykjavíkur og komst að því að kona að nafni Hildur Lilliendahl Viggósdóttir hefur veg og vanda að þessum undirbúningi fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Ég leitaði því til hennar og hún féllst á að veita mér viðtal. Ég mun hitta hana næsta föstudag, 30. september klukkan 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ef fleiri viðmælendur sem taka þátt í þessu verkefni verða á vegi mínum þennan dag, þá mun ég biðja þá um að veita mér viðtal líka. Það verður bar að koma í ljós.

### Hver eru efnistölk? Hvaða myndir sjáum við?

Fyrstu myndatökurnar verða fyrir utan Ráðhúsið. Þar mun ég mynda umhverfi Ráðhússins og nota þá töku til að kynna fréttina. Talið við þá upptöku mun ég taka upp heima hjá mér síðar um daginn.

Síðan mun ég taka mynd af fréttamanninum (mér) segja frá því að undirbúningur kosninganna í höfuðborginni hvíli á herðum einnar manneskju og viðtal verði haft við hana. Þessi myndataka verður fyrir utan Ráðhúsið.

Þriðja takan verður á skrifstofu viðmælanda og þar verður hún spurð um framkvæmd kosninganna. Ég mun beina myndavélinni að mér á meðan ég ber fram fyrstu spurningu og síðan láta hana um að segja frá. Ef til vill get ég fengið að mynda eitthvað í Ráðhúsinu sem tengist framkvæmd kosninganna, við sjáum til með það.

Ef fleiri viðmælendur verða á vegi mínum þennan dag, þá mun ég einnig taka upp myndir af þeim.

Í lokin ætla ég síðan að röлта að húsi Alþingis og taka myndir af því og enda fréttina á umfjöllun um mikilvægi þess að þegnar landsins nýti réttindi sín til að velja fulltrúa á löggjafarþingið okkar allra.

28. september 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir